

30/1 65

STARFSSKÝRSLA ÁGÜSTS ÁRNASONAR

HJÁ SKÓGRÆKT RIKISINS

ÁRÍÐ 1964

Frá áramótum og fram til vors starfaði ég á skrifstofu Skógræktar ríkisins í Reykjavík.

Í Skorradal var ég frá 19. maí til 26. sept. og stjórnaði framkvæmdum Skógræktar ríkisins þar og í Botnsdal.

Eftir 26. sept. starfaði ég svo á skrifstofunni í Reykjavík.

Hér fer á eftir ársskýrsla yfir helztu framkvæmdir í Skorradal.

VEDURÁTTA.

Í Skorradal voraði snemma eftir fremur myldan vetur eins og víðar sunnanlands. Vorið var venju fremur þurrviðra- samt fram til 9. júní. Jörð var þar af leiðandi mjög þurr fram eftir vori. Flestir lækir í Stálpastaðahlíðinni voru

alveg vatnslausir en það er óvanalegt um þetta leiti árs.

9. júní gerði dálitla rigningu og var skúraveður stöku sinnum eftir það. 22. til 23. júní gerði fyrstu stórrigninguna og með henni hækkaði grunnvatn all verulega. Síðan var votviðrasamt fram til 7. júlí en þá komu nokkrir þurrir dagar til 10. júlí. Skúraveður og dumbungur hélzt svo til 5. ágúst.

5. til 19. ágúst var þurrviðrasamasta og hlýasta tímabil sumarsins. Hitinn var þá stundum yfir 20°C í forsælu.

19. ágúst kom fyrsta frostnóttin, sem ég varð var við. Þá sá nokkuð á kartöflugrasi en það féll þó ekki. Eftir þetta kólnaði all verulega í veðri, en ekki varð ég var við næturfrost aftur fyr en 8. sept. Næturfrost voru einnig næstu nætur og kartöflugras féll þá alveg.

Haustrigningar byrjuðu ekki fyr en ég var farinn úr Skorradalnum.

Laufgun - lauffall.

Þegar ég kom upp í Skorradal 19. maí var birkið orðið laufgað. Sitkagreni og rauðgreni voru farin að vaxa. Einstaka plöntur af þessum tegundum byrjuðu þó ekki að vaxa fyr en í fyrstu viku júní. Þessi einkenni virtust vera fremur einstaklingsbundin og ekki gat ég séð mun á kvæmunum.

Lerkið var orðið laufgað í byrjun apríl en 19. maí var barrið á því öllu orðið bleikt og upp þornað. Lerkilundir

voru bleikir yfir að líta í allt sumar þó nýjar barrnálar spryttu á því seinnihartinn í júlí og byrjun ágúst. Vöxtur var enginn á lerkiplöntum nema þeim sem voru nokkuð undir metir á hæð.

Lauffall var í birkiskóginum 26. - 28. sept.

Vöxtur og þrif trjáa.

Skógarmaðurkur var með mesta móti á Stálpastöðum. Á einstaka stað voru blettir alveg brúnir til að sjá í hlífðinni þegar kom fram í júlí. Nokkur brögð voru að því að skógarmaðurkurinn skemmdi toppa á greniplöntum og hef ég ekki áður séð svo mikið af því gert.

Skógarmaðurkurinn át allt lauf af Alaskavíðinum á miðju sumri, en hann laufgaðist síðan aftur og spratt nokkuð, þó mun minna en sumarið áður.

Furulúsinn var með mesta móti og bar strax mikið á henni í maí. Einkennandi var að hún hélt sig einungis norðan í stofninum og greinunum um vorið en dreifðist síðan meir um alla krónuma.

Aðallega var furulúsinn áberandi í elztu gróðursetningunum af skógarfuru en einnig nokkuð á stafafuru. Einstaka stafafurur voru alveg hvítar af lús.

Kalskemmdir voru ekki sjáanlegar eftir síðastliðinn vetur en ársvöxtur var yfirleitt undir meðallagi. Mun það stafa af veðurfari sumarsins 1963.

Sitkagrenið náði sér töluvert í sumar eftir áfallið í fyrra. Einstaka planta óx vel. Stór hluti þeirra plantna, sem voru mikið skemmdar í fyrra döfnuðu all vel í sumar en aðrar

fluttust yfir í flokk hinna dauðu.

Blágreni Hall. '52 hrakaði en frá í fyrra og er nú vart meira en 10% eftir af því lifandi.

Jafnastur og beztur var ársvöxtur á rauðgreni. Mæling var gerð á ársvexti í rauðgrenigróðursetningu frá 1959 kvæmi Ytre Namdal. Í ár var þar meðalársvöxtur 5.2 cm en í fyrra 5.4 cm.

Í maí var rauðgrenið allt mjög gulleitt á lit og mun það vera af völdum þurrkanna í vor. Þegar kom fram í júlí var það búið að fá eðlilegan lit og leit vel út í haust.

STARFSFÓLK OG LAUNAGREIÐSLUR

Starfsmannahald var með svipuðu sniði og á undanförunum árum, en minna var um vant fólk.

Launagreiðslur einstaka mánuði voru, sem hér segir:

maí	5.436.38
júní	57.178.37
júlí	25.874.25
ágúst	16.467.40
sept.	5.379.00

Alls kr. 110.515.40

Launagreiðslur vegna einstakra frankvæmda:

Girðing Hvammi	kr.	6.342.12
Áburður Hvammi	-	1.683.48
Gróðursetning Hvammi	-	38.538.27
Grisjun Hvammi	-	19.495.64
Viðhald húsa Hvammi	-	2.954.53
Smölun Hvammi	-	136.68
Eldiviður Hvammi	-	765.15
Áburður Stálpstöðum	-	9.349.25
Gróðursetn. Stálpstöðum	-	3.057.40
Vegurinn Stálpstöðum	-	1.172.05

Færa plöntur Stálpastöðum	kr	9.303.72
Umhirða Stálpastöðum	-	5.060.42
Lúpinufræ Stálpastöðum	-	2.396.66
Girðing Stálpastöðum	-	651.28
Mælingar Stálpast. og Hvammi .	-	1.448.42
Tilraunir	-	651.28
Stóri-Botn	-	7.329.91
Háafellsreitir	-	179.40
		<hr/>
Alls	-	110.515.40

GIRÐINGAR.

Engar nýjar girðingar voru gerðar á árinu, en unnið var við viðhald á þeim, sem fyrir eru. Heldur meira var um vetrarskemmdir heldur en í fyrra. Girðingar endarnir niður við Skorradalsvatn þurfa alltaf töluvert viðhald. Í sumar var gengið frá færanlegum járngálgum við girðingar-
endana til þess að auðvelda viðhald á þessu.

Fært var ytra hliðið á Stálpastaðagirðingunni á útskotið við vegarbrún. Þetta var aðeins bráðabirgða frágangur og þarf að láta þar nýtt hlið á næsta ári. Vegagerð ríkisins setti hliðrist í veginn þarna, en ófrágengið er frá girðingunni þarna við og þurfum við að gera það á næsta ári

Einn hornstólpi var settur í Háafellsgirðinguna í staðinn fyrir annan gjör ónýtan.

GRÓÐURSETNINGAR.

Samtals gróðursettum við í sumar 47.700 plöntur. Hér fer á eftir tafla yfir þessa gróðursetningu:

Tegund	Kvæmi	Aldur	Tala	Reitnr.	Plantað dag
Stálpastaðir:					
Hvítgreni	Fairbanks	2/3	1.000	2.11.4	3/6.-4/6.
Lindifura	Krasnojarsk	2/3	800	2.11.4	4/6.-5/6.
Lerki	Tyrol	2/3	400	2.11.3	10/6.
Fjallaböll	Lawing	2/4	500	2.11.4	10/6.
Fjallabínur	Sapinero	3/3	500	1.11.2	10/6.
Broddfura	Sapinero	3/3	500	1.11.3	10/6.
Hvammur:					
Rauðgreni	GraneVefs.	3/2	7.000	623	13/6.-16/6.
Rauðgreni	GraneVefs.	3/2	12.000	623-118	9/6.-13/6.
Rauðgreni	N-Tröndel.	2/3	20.000	721	18/6.-24/6.
Stóri-Botn:					
Rauðgreni	N-Tröndel.	2/3	5.000		24/6.

Plönturnar, sem komu í Stóra-Botn voru stórar og fallegar en all mikið farnar að vaxa. Meirihlutinn af rauðgreniplöntunum bæði frá Vöglum og Hallormsstað þótti mér heldur smáar.

Rauðgrenið frá Hallormsstað, sem kom í Hvamm var í plastpokum. Plönturnar voru farnar að vaxa í pokunum og sumar voru komnar með alllanga hvíta sprota.

Hvítgrenið frá Vöglum var margt með þurra toppa og veit ég ekki hvort það er af völdum vorfrosts eða ofþornunar í niður slætti.

Grisjun.

Grisjaðir voru um 7 ha í Hvammi til gróðursetningar fyrir næsta ár.

Hirðing.

Farið var um 3.6 ha af furu gróðursetningum á Stálpastöðum og sprautaðar þær plöntur, sem lús sást á. Klippið var frá plöntunum á þessu svæði eftir þörfum. Sprautað var með Thiodan 50 cm^3 pr. 10 l vatn.

Áburður.

Í Hvammi var tilbúinn áburður borinn á gróðursetninguna frá síðastliðnu ári.

Á Stálpastöðum var áburður borinn á gróðursetningar alls að flatarmáli 16.9 ha. Áburðurinn var blandaður saman í þessum hlutföllum: 4 þokar Kjarni 1 þoki þrífosfat 1/4 þoki kalí og saman við þetta var einnig látin ein fata af ureaform. Um einn hnefi af þessari blöndu var látinn kring um hverja plöntu. Við áburðardreifinguna voru hafðar með handklippur og klippið var frá plöntum þar sem það var mest aðkallandi.

VEGAGERÐ

Vegagerð ríkisins lagði nýjan veg í framhaldi af vegalagningunni frá í fyrra, frá Stóragili inn á Krónumel. Þá er upphlaðinn vegur kominn lang leiðina í gegn um Stálpastaðaland. Vegur þessi kom að mestu leiti í vegarsteði gamla vegarins. Við urðum þó að flýttja nokkur hundruð plöntur, sem við gróðursettum svo út með vegi í framhaldi af þeim frá í fyrra.

BYGGINGAR

Gamla baðstofan á Stálpastöðum er næstum komin að falli. Útveggur að vestan var fallin niður. Við þetta var gert í sumar. Ég sé ekki ástæðu til að rífa þetta strax því oft er gott að nota húsið til ýmsra hluta t. d. þurrkum við lúpínufræið þarna inni á hverju ári.

Húsin í Hvammi eru orðin gömul og léleg og þurfa alltaf á hverju ári nokkurar viðgerða. Verst er hve flæðir inn á eldhúsgólfíð í rigningum. Það kveður svo rammt að þessu að stundum er ekki fært um eldhúsgólfíð nema á vaðstígvélum.

Það helzta, sem gert var til viðhalds í Hvammi var: smíðað var eldhúsborð, gert var við rotþró, grafið upp holrasi í fjárhúsi og gert var við brunninn, sem neytsluvatnið er tekið úr.

YMISLEGT

Í ár var tekið nokkuð magn af hnausplöntum úr Stálpastöðum. Plöntur þessar munu hafa verið að verðgildi kr. 14.793.00 þegar reiknað er með að hver cm kosti krónu. Þessar plöntur voru aðallega teknar úr reit 151 rauðgreni Rana '52 - '54.

Hnausplöntur, sem við fluttum úr vegastæðinu í fyrra komu all vel undan vetri og er lítið um afföll á þeim. Þær voru gróðursettar í moldarflög út með vegi og heyi var dreift á moldina til varnar fyrir veðrun og skolun. Það var greinilegt í vor að þetta hafði gefið góða raun.

Stórt eikarskilti var sett upp við Halldórslund í sumar við veginn rétt utan við Stóragil.

Braathenssteinninn var færður vegna lagningar nýja vegarins. Ekki er búið að ganga endanlega frá honum aftur en í ráði er að færa hann utar í hliðina.

Safnað var í sumar 10 kg af lúpinufræi á Stálpastöðum. Því verður svo dreift næsta sumar um gróðurlausu bletti í Hvammi og á Stálpastöðum.

ÁÆTLUN NÆSTA ÁRS

Girðingar.

Girða þarf Indriðastaðagirðingu.

Setja þarf hlið á Stálpastaðagirðingu og ganga frá girðingu að hliðrist í vegi.

Hlið vantar á girðinguna fyrir ofan veg í Hvammi.

Breyta þarf girðingu og setja hlið heima við hús í Hvammi.

Gönguhlið þarf að setja á Háafellsgirðinguna og eyða auk þess nokkru í viðhald þar.

Gróðursetningar.

Tilbúið er grisjað land í Hvammi fyrir um 35.000 plöntur. Helzt þarf þetta að vera rauðgreni.

Gróðursetja þarf í Stálpastaði um 10.000 rauðgreni.

Í Háafellsreit þarf að gróðursetja í landið sem ekki er enn búið að gróðursetja í.

Gróðursetja þarf lúpinu í nýju vegarflögin á Stálpastöðum.

Grisjun.

Grisja þarf í Hvammi fyrir gróðursetningu næsta árs ca. 6 - 10 ha.

Grisja þarf í Stálpastaðahlíðinni frá barrplöntum á ca. 10 ha svæði.

Grisja þarf í Indriðastaðaskógi fyrir gróðursetningu næsta árs.

Á stafafurunni á Stálpastöðum skemmdust um 58% af öllum toppum í vorhretinu 1963. Það verður því mjög nauðsynlegt að yfirfara allar stafafurugróðursetningar og klippa til toppana.

Grisja þarf úr dauðar broddgreniplöntur í Háafellsreit.

Áburður - sprautun.

Bera þarf tilbúinn áburð á ca. 10 ha á Stálpastöðum. Askilegt væri að leggja út fleiri áburðartilraunir þar og í Hvammi.

Búast má við að nokkuð verði að sprauta gegn skordýrum.

Skilti.

Setja þarf skilti með umgengnisreglum á Stálpastöðum.

Færa þarf Braathenssteininn.

Merkja þarf gróðursetningar síðustu ára.

Viðhald eigna

Mála þarf alla glugga á íbúðarhúsinni í Hvammi.

Lakka þarf bátinn.

Mælingar.

Æskilegt væri að eyða nokkrum tíma í mælingar og athuganir á ýmsum gróðursetningarreitum og færa þessar athuganir inn á spjaldskrána

Reykjavík í janúar 1965

Agúel Arnason